



VINNUHÓPUR ÍSÍ UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI

Viðauki III - tillögur til lagabreytinga

Í viðmiðum um góða stjórnarhætti sem vinnuhópurinn hefur unnið er að finna ýmsar tillögur til lagabreytinga. Í þessu skjali hafa tillögurnar verið útfærðar. Rauðlitaði textinn er lagatextinn eins og hópurinn leggur til að hann verðið orðaður og fyrir neðan hverja tillögu er vísað til þess kafla viðmiðanna þar sem finna má umfjöllun um hvers vegna breytingarnar eru taldar styðja við góða stjórnarhætti.

Grein 11.5 - viðbót

Forseti ÍSÍ má ekki taka sæti í kjörnefnd.

Sjá kafla B.2 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Grein 12.10

Stjórnarmenn ÍSÍ og kjörnir fulltrúar dómstóla mega ekki taka stöðu þingfulltrúa á Íþróttþingi.

Samhliða þessari breytingu er lagt til að eftirfarandi texti verði felldur úr 12. gr.: *Kjörnir fulltrúar í stjórn ÍSÍ og kjörnir fulltrúar dómstóla geta ekki farið með atkvæðisrétt á Íþróttþingi.*

Sjá kafla C.2 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Grein 17.5

Þeir sem sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá sambandsaðilum né sitja í stjórnum þeirra. Hið sama gildir um þá sem skipaðir eru í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Sjá kafla C.5 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Grein 17.6

Stjórnarmaður, óháð embætti, má sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ að hámarki samanlagt í 12 ár.

Sjá kafla B.2 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Grein 17.8

Stjórnarmaður telst vanhæfur til að fjalla um og taka þátt í afgreiðslu máls ef:

- viðkomandi hefur persónulega eða fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu máls, eða hefur í sama máli verið eða er fulltrúi einhvers sem hefur slíka hagsmuni,
- maki hans eða fyrrum maki, aðili skyldur eða mægður honum í beinan legg eða öðrum legg til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar hefur sömu hagsmuni og getið er um í 1. tl.
- viðkomandi tekur þátt í stjórn eða hefur nán tengsl við félag eða annan lögaðila sem hefur sérstakan hagsmuni af niðurstöðu máls



- d) aðrar aðstæður eru fyrir hendi sem gætu vakið vafa um óhlutdrægni viðkomandi.

Stjórnarmaður skal sjálfur meta hvort hann sé vanhæfur til að fjalla um eða taka ákvörðun í máli. Ef stjórnarmaður telur sig vanhæfan skal hann tilkynna það stjórn og víkja sæti við meðferð málsins.

Ef vafi leikur á hæfi stjórnarmanns að mati annarra stjórnarmanna eða hlutaðeigandi aðila, skal stjórnin, að viðkomandi stjórnarmanni undanskildum, taka ákvörðun um hæfi hans áður en málið er tekið til afgreiðslu.

Stjórnarmaður, sem talinn er vanhæfur, skal hvorki taka þátt í umræðu né ákvörðunartöku í málinu. Hann skal víkja af fundi meðan málið er tekið fyrir, nema stjórnin ákveði annað.

Sjá kafla C.5 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Grein 18.1.c

Að móta stefnu og framtíðarsýn sambandsins sem staðfest skal á Íþróttapingi.

Sjá kafla C.1 í viðmiðum um góða stjórnarhætti.

Grein 18. 1.e

Að vinna fjárhagsáætlun til tveggja ára í senn sem staðfest skal á Íþróttapingi.

Sjá kafla C.3

Óstaðsett grein

Við skipan í nefndir skal þess gætt, eftir því sem við á, að samsetning nefnda sé sem fjölbreyttust með tilliti til kyns, aldurs, uppruna, reynslu og annarra þátta er stuðla að víðtækari sýn.

Sjá kafla B.5 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

Óstaðsett ákvæði -

ÍSí skal starfa í samræmi við siðareglur sem staðfestar eru af Íþróttapingi. Siðareglurnar skulu endurspegla grundvallarviðmið um heiðarleika og virðingu í samskiptum og góða stjórnarhætti innan samtakanna. Framkvæmdastjórn skal sjá til þess að siðareglurnar séu aðgengilegar og þeim fylgt eftir í daglegri starfsemi.“

Sjá kafla C.4 í viðmiðum um góða stjórnarhætti

